

EFTIRLITSSKÝRSLA

Molta ehf. Eyjafjarðarsveit



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	10.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Molta ehf.	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Þveráreyrum 1a	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600407-0580	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þetta er fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar til rekstraraðila en starfsleyfið er gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og gildir til 6. júlí 2021.

Fimm frávik frá kröfum laga og reglugerða komu fram í eftirlitinu er varða að mælingar hafa ekki verið gerðar í fráveitu, aðbúnað og frágang við olúgeymi, áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar, tryggingar vegna bráðamengunar hafs- og stranda og að upplýsingar um legu frárennislagna voru ekki aðgengilegar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Mengunareftirlit var kynnt ásamt yfirfærslu eftirlitsins frá Heilbrigðiseftirliti til Umhverfisstofnunar skv. reglugerð 550/2018.

Farið var yfir umfang starfseminnar hjá rekstraraðila sem fæst við jarðgerð. Magntölur úrgangs voru skoðaðar.

Stærsti hluti úrgangsins hemur inn til rekstraraðila frá Gámaþjónustu Norðurlands og Íslenska gámafélaginu eða ríflega 90% en smærri aðilar koma einnig inn með efni til starfseminnar. Vinnslan saman stendur af lífbrjótanlegum úrgangi og lífbrjótanlegum kolefnisgjöfum. Úrgangurinn saman stendur af sláturúrgangi, heimilis- og fyrirtækjaúrgangi, Ekki hefur verið tekið við fiskiúrgangi síðustu árin. Tekið er við sláturúrgangi sem fellur undir viðeigandi áhættuflokk. Kolefnisgjafarnir sem blandað er við þann úrgang saman standa af viðarúrgangi, garðaúrgangi og pappír. Viðarúrgangurinn kemur kurlaður til rekstraraðila en pappírinn er tættur á staðnum. Tekið er við pappír inn í húsið austan megin en viðar og garðaúrgangur er geymdur utan dyra og fluttur inn eftir þörfum.

Farið var yfir ferlið við gerð moltunar allt frá því að úrgangurinn kemur í hús og þar til full unninn molta er tilbúin. Vöru og gámaþjónustur sem koma með lífbrjótanlegan úrgang koma upp að austurhlíð hússins þar er úrgangnum sturtað inn í húsið í hólf. Eftir meðhöndlun er afurðin flutt með færibandi yfir tromlur í vestur enda hússins þar sem moltan er í um 10 daga. Úr tromlunum er afurðinni sprautað/sturtað í hauga niður á stétt utan við húsið. Eftir það er afurðin sett í múga sem snúið er reglulega. Þar fær moltan að brjóta sig í um hálf ár eða lengur.

Undirþrýstingur er í vestari vinnslusalnum svo allt loft frá starfseminni dregst þar inn. Áður en loftið er leitt út um stromp þar sem ozoni er blandað við það og virðist það drepa niður nánast alla lykt.

Moltan er ekki söluvara heldur er hún gefin verktökum og öðrum sem vilja nýta hana. Einungis er verið að gefa um 10% af moltunni sem er framleidd, restinni er komið fyrir í námum og opnum pyttum á svæðinu.

Rekstraraðili hefur ekki geta orðið sér úti um góðar lagnateikningar af frárennsli frá húsinu og umhverfis það. Í eftirliti var það rætt að mikilvægt væri að fyrirkomulag fráveitukerfis frá starfseminni lægi fyrir. Fráveita frá starfseminni er að sögn rekstraraðila leidd í gegnum fituskilju, tvær rotþrær og loks um sitrubeð. Í vinnsluhúsinu er einnig hringrásarkerfi vatns, en þar er vatni sem hefur verið notað í vinnsluna og hefur einungis komist í tæri við lífbrjótanleg efni, dælt niður í kjallara í tank þaðan sem því er dælt upp aftur eftir þörfum og þá blandað við afurðina.

Þar sem úrganginum er sturtað inn í húsið eru annars vegar niðurföll fyrir utan húsið og hins vegar við hólfina eða gryfjurnar. Líklega fer vatnið sem fer um niðurföllin við gryfjurnar í hringrásarkerfið og það sem

fer niður um niðurföllin utan við húsið er leitt í siturbeð. Bílar sem koma með úrgang eru þvegnir að losun lokinni og notað er 70°C vatn og gerileyðir. Engar mælingar eru gerðar í fráveitu frá starfseminni.

Allur úrgangur sem berst inn er viktaður inn af flutningsaðila og rekstraraðili sendir síðan flutningsaðila reikning fyrir losun úrgangsins. Rekstraraðili gefur ekki út eiginlega kvittanir við móttöku úrgangsins.

Lyktarmengun tengd starfseminni hefur verið töluvert vandamál en í ár hafa einungis borist tvær kvartanir, sem telst lítið miðað við áður. Rekstraraðili hefur unnið að því að draga úr lyktarmengun, múgarnir voru meðal annars minnkaðir og þeim snúið oftast með tilkomu nýs múgvendara.

Rekstraraðili hefur komið sér upp veðurstöð á svæðinu til að fylgjast með vindátt og forðast t.d. að snúa múgunum í norðvestan átt vegna nálægðar við byggð í suðaustri. Einnig er múgunum frekar snúið á morgnanna en seinni partinn.

Meindýraeyðir kemur mánaðarlega og tæmir músagildir við húsið. Engum aðgerðum hefur verið beitt á móti vargfugli á svæðinu. Aðeins var af fugli á svæðinu við eftirlit en hann virðist ekki sækja mikið inn á svæðið.

Olúgeymir er á svæði rekstraraðila. Geymirinn er tvöfaldur en hann er ekki á lekaheldu undirlagi og við hann er ekki árekstrarvörn. Jafnframt er rekstraraðili með olíutunnu á vörubretti sem hann notar til að flytja olíu að vinnslutækjum.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
5. gr. reglugerðar nr. 796/1999 og 54 gr. nr. 7/1998 laga um hollustuhætti og mengunarvarnir	Engar mælingar eru gerðar í fráveitu frá starfseminni og magn og gerð losaðra efna í fráveitu því óþekkt.
Gr. 41 og 43 í reglugerð nr. 884/2017	Aðbúnaður og frágangur við olúgeymi skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi. Engin árekstrarvörn er við olúgeymi og frágangur á olíuflutningstunnu ófullnægjandi. Setja þarf lekavörn undir tunnuna.
18. gr. laga nr. 33/2004.	Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs- og stranda er ekki til staðar.
16. gr. laga nr. 33/2004.	Trygging vegna bráðamengunar hafs- og stranda er ekki til staðar
Gr. 3.3 í starfsleyfisskilyrðum almennum	Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Teikningar eða aðrar upplýsingar um frárennislagnir voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirlitinu.

ÁBENDINGAR

Bent er á að taka mætti til á svæðinu sunnan við vinnsluhúsið en rekstraraðila ber að halda starfsvæði sínu snyrtilegu.


ANNAÐ

Í eftirlitinu voru ræddar mögulegar breytingar á starfsemi Moltu ehf. en þær eru allar enn á hugmyndastigi

Reykjavík, 24.10.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir